

Orkubú Vestfjarða ohf.

Ársreikningur 2019

Orkubú Vestfjarða ohf.

Stakkanes 1

400 Ísafjörður

kt. 660877-0299

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Óendurskoðað starfspáttayfirlit .....	17

# Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra

---

Tilgangur félagsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Á árinu 2019 nam hagnaður af rekstri félagsins 200,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir félagsins í árslok 2019 námu alls 9.258 millj. kr. og heildarskuldir alls 3.045 millj. kr. Eigið fé nam því alls 6.213 millj. kr. sem er um 67 % af heildarféarmagni. Eignir félagsins hafa ekki verið endurmetnar. Í árslok 2019 voru 61 stöðugildi hjá félaginu.

Ríkisstjórnin hefur tekið upp viðræður um kaup ríkisins á eignarhlutum núverandi eigenda Landsnets hf. Eignarhlutur félagsins í Landsneti hf. er færður á upphaflegu kostnaðarverði sem nam 353 millj. kr. en hlutdeild félagsins í eigin fé Landsnets hf. nemur 2,8 ma. kr. Ljóst er að gangvirði eignarhlutar félagsins í Landsnet hf. er umtalsvert hærra en bókfært verð hans.

Hlutfé félagsins nam í árslok 3.050 millj. kr. og er allt í eigu Ríkissjóðs Íslands.

Tillaga um greiðslu arðs verður lögð fyrir aðalfund félagsins.

Í mars 2020 fóru áhrif COVID-19 faraldursins að gæta í rekstrarumhverfi félagsins. Búast má við að einhver samdráttur verði á tekjum félagsins á árinu en nokkur óvissa er um þróun næstu mánuði. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.

Markmið félagsins til framtíðar er að reka félagið á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, eigenda og samfélagsins að leiðarljósi.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2019, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. maí 2020

## Í stjórn

Illugi Gunnarsson  
stjórnarformaður

Friðbjörg Matthíasdóttir

Elsa Kristjánsdóttir

Ingibjörg Benediksdóttir

Gísli Jón Kristjánsson

## Orkubússtjóri

Elías Jónatansson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 6. maí 2020

***Advant endurskoðun ehf.***

Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	16	2.892.327	2.841.040
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....	(	1.242.560)	( 1.130.530)
Laun og launatengd gjöld .....	17	( 887.709)	( 869.237)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 136.487)	( 120.384)
		( 2.266.756)	( 2.120.151)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b> .....		625.571	720.889
Afskriftir .....	20	( 359.761)	( 358.023)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> .....		265.810	362.866
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur .....		59.589	31.808
Fjármagnsgjöld .....		( 87.576)	( 93.850)
	19	( 27.987)	( 62.042)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		237.823	300.824
Tekjuskattur .....	22	( 37.771)	( 56.458)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	24	200.052	244.366

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	20	8.158.477	7.820.915
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	21	355.186	355.186
Fastafjármunir		8.513.663	8.176.101
Vörubirgðir .....	9	218.610	187.873
Viðskiptakröfur .....	23	413.638	386.774
Aðrar skammtímakröfur .....		108.618	55.888
Handbært fé .....	12	3.066	1.995
Veltufjármunir		743.932	632.530
<b>Eignir samtals</b>		9.257.595	8.808.631
 <b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		3.049.914	3.049.914
Lögbundinn varasjóður .....		1.016.637	1.016.637
Óráðstafað eigið fé .....		2.145.984	2.005.932
Eigið fé	24	6.212.535	6.072.483
Tekjuskattsskuldbinding .....	22	280.124	242.353
 <b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	26	998.406	1.183.992
Lífeyrisskuldbinding .....	25	734.737	703.405
Langtímaskuldir		1.733.143	1.887.397
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		254.119	176.176
Skuldir við lánastofnanir .....		375.053	48.711
Næstu árs afborganir langtímaskulda við lánastofnanir .....	26	217.840	212.054
Aðrar skammtímaskuldir .....		184.780	169.459
Skammtímaskuldir		1.031.792	606.400
Skuldir samtals		3.045.059	2.736.150
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		9.257.594	8.808.633

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	24	200.052	244.366
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	20	359.761	358.023
Söluhagnaður eigna .....	(	43.212)	( 38)
Verðbætur langtímaskulda .....		36.663	30.387
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....		31.333	56.458
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	25	37.771	21.925
Veltufé frá rekstri		622.368	711.121
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun .....	(	30.737)	( 9.539)
Skammtímakröfur, (lækkun) hækkun .....	(	79.594)	19.155
Skammtímaskuldir, hækkun .....		93.267	( 31.856)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	17.064)	( 22.240)
Handbært fé frá rekstri		605.304	688.881
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum .....	20	( 697.893)	( 683.500)
Seldir varanlegir rekstrarfjárumunir .....		43.781	1.014
Fjárfestingarhreyfingar	(	654.112)	( 682.486)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	500.000
Greiddur arður .....	24	( 60.000)	( 60.000)
Skammtímalán, breyting .....		326.342	( 336.253)
Afborganir langtímalána .....		( 216.463)	( 109.049)
Fjármögnunarhreyfingar		49.879	( 5.302)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		1.071	1.093
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		1.995	902
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		3.066	1.995



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Orkubú Vestfjarða ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Stakkanesi 1, Ísafirði og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Áhættustjórnun

Félagið er ekki með neina framvirka gjaldeyrissskiptasamninga, valréttta eða afleiðusamninga.

## 5. Skráning tekna

Tekjur af sölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

## 6. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

## 8. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun.

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### 9. Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

### 10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. Ef gangvirði eignarhluta er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignarhlutann þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

### 11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur hafa verið færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

### 12. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

### 13. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

### 15. Eignir utan efnahags

Við stofnun Orkubús Vestfjarða á árinu 1977 lögðu sveitarfélögin á Vestfjörðum og ríkið inn í félagið öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Í útgefnum afsölum sveitarfélaganna er það ennfremur sérstaklega tekið fram að þau afsali Orkubúi Vestfjarða öllum rétti til virkjunar vatnsafls og jarðhita sem þau eiga eða kunna að eiga í löndum sínum eða annars staðar og þau kunna að hafa samið um. Náði afsal þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi félagsins og eru því eignir utan efnahagsreiknings.

## Skýringar, frh.:

### 16. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:

	2019	2018
Raforkusala .....	847.316	864.045
Raforkudreifing .....	1.169.651	1.147.455
Sala á heitu vatni .....	713.303	694.467
Tengigjöld .....	58.506	39.198
Aðrar tekjur .....	103.551	95.875
Samtals .....	<u>2.892.327</u>	<u>2.841.040</u>

### 17. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun .....	678.079	702.889
Launatengd gjöld .....	170.962	175.440
	<u>849.041</u>	<u>878.329</u>
Lífeyrisskuldbinding .....	71.654	60.143
Dagpeningar .....	16.955	18.014
Bifreiðastyrkur .....	31.782	33.642
Eignfærð laun og launatengd gjöld .....	( 81.723)	( 120.891)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>887.709</u>	<u>869.237</u>

Stöðugildi í árslok .....

	61	68
--	----	----

Laun stjórnar, orkubússtjóra og þriggja framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2019	2018
Laun stjórnar * .....	9.918	8.892
Laun orkubússtjóra .....	21.202	21.684
Laun framkvæmdastjóra .....	47.858	46.909
	<u>78.978</u>	<u>77.485</u>

\* Á árinu 2019 voru greiddar 678 þús. kr. til stjórnarmanna sem sátu í samninganefnd vegna kjarasamninga við starfsmenn. Greidd laun vegna setu í samninganefnd eru innifallinn í skýringu um laun stjórnar.

### 18. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings .....	3.491	3.272
Önnur þjónusta .....	2.248	1.022
Þóknun til endurskoðanda samtals .....	<u>5.739</u>	<u>4.294</u>

## Skýringar, frh.:

### 19. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2019	2018
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	622	474
Arður af hlutabréfaeign .....	48.945	18.594
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	10.022	12.740
	59.589	31.808
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir af skuldum við lánastofnanir .....	( 87.450)	( 93.684)
Önnur vaxtagjöld .....	( 126)	( 166)
	( 87.576)	( 93.850)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 27.987)	( 62.042)

### 20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Raforkukerfi Orkuver	Raforkukerfi Veitukerfi	Hitaveitukerfi
Kostnaðarverð 1.1.2019 .....	4.500.724	7.405.095	1.658.780
Eignfært á árinu .....	109.455	298.961	191.751
Selt og aflagt á árinu .....	( 6.486)	( 3.166)	
Kostnaðarverð 31.12.2019 .....	4.603.693	7.700.890	1.850.531
Afskrifað 1.1.2019 .....	2.311.655	3.306.617	1.284.659
Afskrift ársins .....	76.773	176.568	20.916
Selt og aflagt á árinu .....	( 6.486)	( 3.166)	
Afskrifað 31.12.2019 .....	2.381.942	3.480.019	1.305.575
Bókfært verð 31.12.2018 .....	2.189.069	4.098.478	374.122
Bókfært verð 31.12.2019 .....	2.221.751	4.220.871	544.956
Afskriftahlutföll .....	1,67 - 5%	3,3 - 4%	4 - 10%
	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.2019 .....	1.676.514	602.061	15.843.174
Keypt á árinu .....	57.243	40.483	697.893
Selt og aflagt á árinu .....	( 1.586)	( 25.173)	( 36.411)
Kostnaðarverð 31.12.2019 .....	1.732.171	617.371	16.504.656
Afskrifað 1.1.2019 .....	681.397	437.931	8.022.259
Afskrift ársins .....	28.499	57.005	359.761
Selt og aflagt á árinu .....	( 1.382)	( 24.807)	( 35.841)
Afskrifað 31.12.2019 .....	708.514	470.129	8.346.179
Bókfært verð 31.12.2018 .....	995.117	164.129	7.820.915
Bókfært verð 31.12.2019 .....	1.023.657	147.242	8.158.477
Afskriftahlutföll .....	2%	20%	

## Skýringar, frh.:

### 20. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði eru 56,0 millj. kr. vegna útdeilingar á sameiginlegum rekstrarkostnaði og 81,7 millj. kr. vegna eignfærðra launa.

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Orkuver og kyndistöðvar .....	456.793	1.446.318
Aðrar byggingar .....	467.852	1.365.793

Váttryggingafárhæð annarra eigna en fasteigna er um 2,3 milljarðar kr. Váttryggingarfárhæð viðlagatryggingar rekstrarfjármuna nam 19,8 milljarðar kr. í árslok 2019.

### 21. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Netorka hf. ....	5%	492	1.847
Landsnet hf. ....	6%	352.725	352.725
Dalsorka ehf. ....	10%	444	444
Vesturorka ehf. ....	12%	60	60
Landsvarmi ehf. ....	18%	90	110
Bókfært verð í árslok .....			<u>355.186</u>

Allir áhættufjármunir eru metnir á kostnaðarverði. Bókfært verð eignarhlutar félagsins í Landsneti hf. nemur 353 millj. kr. en hlutdeild Orkubús Vestfjarðar í eigin fé Landsnets hf. nemur 2,8 ma. kr. Ljóst er að gangvirði eignarhlutar félagsins í Landsnet hf. er umtalsvert hærra en bókfært verð hans.

### 22. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 37,8 millj. króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2019 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2019		2018	
Hagnaður fyrir skatta .....		237.823		300.824
Skatthlutfall .....	20,0%	47.564	20,0%	60.174
Fenginn arður .....	-4,1% (	9.789)	-1,2% (	3.719)
Aðrir liðir .....	0,0% (	4)	0,0%	3
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi ....	<u>15,9%</u>	<u>37.771</u>	<u>18,8%</u>	<u>56.458</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 22. Tekjuskattur, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	( 242.353)	( 185.895)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	( 37.771)	( 56.458)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>( 280.124)</u>	<u>( 242.353)</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 325.611)	( 280.102)
Viðskiptakröfur .....	13.830	13.274
Aðrir efnahagsliðir .....	( 1)	( 3)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	31.658	24.478
	<u>( 280.124)</u>	<u>( 242.353)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Yfirfæranlegt tap ársins 2012, nýtanlegt til 2022 .....	27.393	0
Yfirfæranlegt tap ársins 2013, nýtanlegt til 2023 .....	92.497	83.990
Yfirfæranlegt tap ársins 2016, nýtanlegt til 2026 .....	38.401	38.401
	<u>158.291</u>	<u>122.391</u>

### 23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Viðskiptakröfur .....	482.789	453.144
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 69.151)	( 66.370)
	<u>413.638</u>	<u>386.774</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	( 66.370)	( 55.155)
Tapaðar kröfur á árinu .....	13.309	5.147
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	( 16.090)	( 16.362)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>( 69.151)</u>	<u>( 66.370)</u>

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## Skýringar, frh.:

### 24. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur alls 3.050 millj. króna og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	3.049.914	1.016.637	2.005.932	6.072.483
Greiddur arður .....			( 60.000)	( 60.000)
Hagnaður ársins .....			200.052	200.052
Eigið fé 31.12.2019 .....	<u>3.049.914</u>	<u>1.016.637</u>	<u>2.145.984</u>	<u>6.212.535</u>

### 25. Lífeyrisskuldbinding

Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna félagsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B-deild. Vegna þessa hefur verið færð lífeyrisskuldbinding í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er færð samkvæmt tryggingafræðilegu mati á reikningsskiladegi.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	703.415	681.480
Greiddar lífeyrisskuldbindingar .....	( 40.321)	( 38.218)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindingar .....	71.643	60.143
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	<u>734.737</u>	<u>703.405</u>

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega.

### 26. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:

	31.12.2019	31.12.2018
Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum, meðalvextir 3,46% .....	1.216.246	1.396.046
Næsta árs afborganir .....	( 217.840)	( 212.054)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals .....	<u>998.406</u>	<u>1.183.992</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu tímabil:

Árið 2020/2019 .....	217.840	212.054
Árið 2021/2020 .....	217.840	212.054
Árið 2022/2021 .....	217.840	212.054
Árið 2023/2022 .....	217.840	212.054
Árið 2024/2023 .....	217.840	212.054
Síðar .....	127.046	335.776
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>1.216.246</u>	<u>1.396.046</u>

Engin veð hvíla á eignum félagsins vegna skulda við lánastofnanir.

## Skýringar, frh.:

---

### 27. Tengdir aðilar

#### *Skilgreining tengdra aðila*

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

#### *Viðskipti við tengda aðila*

Viðskipti við tengda aðila þ.m.t. íslenska ríkið og félög og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða. Upplýsingar um laun stjórnenda er að finna í skýringu 17. Viðskipti stjórnarmanna og stjórnenda eru óveruleg og tengjast hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

### 28. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í mars 2020 fóru áhrif COVID-19 faraldursins að gæta í rekstrarumhverfi félagsins. Búast má við að einhver samdráttur verði á tekjum félagsins á árinu en nokkur óvissa er um þróun næstu mánuði. Félagið stendur eftir sem áður vel og er tekjugrunnur þess traustur.



## Starfsþáttayfirlit (óendurskoðað)

### Starfsþættir

Starfssvæði Orkubús Vestfjarða ohf. er að mestu Vestfirðir. Fyrirtækið skiptist niður í fjóra starfsþætti en þeir eru dreifing, framleiðsla raforku, hitaveita og önnur þjónusta.

**Dreifing** er bæði flutningur og dreifing raforku. Þessi þáttur í starfsemi félagsins er ekki í samkeppnisrekstri og lýtur eftirliti Orkustofnunar.

**Framleiðsla** er bæði framleiðsla og sala raforku sem nær til alls landsins.

**Hitaveita** er allur fjarvarma- og hitaveiturekstur félagsins.

**Önnur þjónusta** er öll önnur starfssemi svo sem sala á þjónustu vegna flutningslína, viðgerðir vegna tjóna og önnur tilfallandi verk.

Rekstrarstarfsþættir Árið 2019	Dreifing raforku	Framleiðsla raforku	Hitaveita	Önnur þjónusta	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.452.242	1.632.005	725.489	71.423	3.881.159
Tekjur milli starfsþátta .....	( 196.589)	( 808.671)	0	16.428	( 988.832)
	1.255.653	823.334	725.489	87.851	2.892.327
Rekst.afkoma starfsþátta ..	373.590	142.549	61.973	47.458	625.570
Afskriftir .....	212.068	109.084	38.609	0	359.761
Rekstrarhagnaður .....	161.522	33.465	23.364	47.458	265.809
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					( 27.987)
Tekjuskattur .....					( 37.771)
Hagnaður ársins .....					200.051
Ávöxtun á eignir .....	3,6%	1,1%	3,6%		2,9%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	4.510.121	3.007.121	641.235		8.158.477
Óskiptar eignir .....					1.099.118
<b>Eignir samtals</b> .....					9.257.595
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					3.045.059

## Starfsþáttayfirlit, frh.:

<b>Rekstrarstarfsþættir</b> <b>Árið 2018</b>	<b>Dreifing</b> <b>raforku</b>	<b>Framleiðsla</b> <b>raforku</b>	<b>Hitaveita</b>	<b>Önnur</b> <b>þjónusta</b>	<b>Samtals</b>
Rekstrartekjur .....	1.408.796	1.643.694	696.193	28.787	3.777.470
Tekjur milli starfsþátta .....	( 190.389)	( 771.189)	0	3.781	( 957.797)
	<u>1.218.407</u>	<u>872.505</u>	<u>696.193</u>	<u>32.568</u>	<u>2.819.673</u>
Rekst.afkoma starfsþátta ..	375.435	269.322	71.772	4.360	720.889
Afskriftir .....	215.179	104.078	38.766	0	358.023
Rekstrarhagnaður .....	160.256	165.244	33.006	4.360	362.866
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld .....					( 62.042)
Tekjuskattur .....					( 56.458)
Hagnaður ársins .....					<u>244.366</u>
Ávöxtun á eignir .....	3,6%	5,6%	7,0%		4,1%
<b>Efnahagur</b>					
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	4.396.221	2.952.067	472.627	0	7.820.915
Óskiptar eignir .....					<u>987.716</u>
<b>Eignir samtals</b> .....					<u>8.808.631</u>
<b>Óskiptar skuldir</b> .....					<u>2.736.150</u>